

Vatnsveitur Veitna og Orku náttúrunnar

Vatnsveitur Veitna og Orku náttúrunnar ásamt upplýsingum um hvers konar eftirlitsaðferð er höfð með vatnsstöðu á hverju svæði, vatnsmagn, athugasemdir og úrbætur. Varaafsstöð á Jaðri í Heiðmörk, sem knúin er dísilolíu, ásamt olíugeymum verður flutt út fyrir vatnsverndarsvæðið árið 2020 en verkið er komið í útboðsferli.

VATNSVEITUR VEITNA

SVÆÐI	VEITA	BRUNNSVÆÐI	EFTIRLITS- AÐFERÐ	FRAMLEITT MAGN		ATHUGASEMDIR	ÚRBÆTUR
				þús. tonn	l/s		
Höfuðborgar- svæðið	Reykjavík	Gvendarbrunnasvæði, Myllulækjarsvæði og Vatnsendakriki	Borholumæling	24.683	783	Nýtingarleyfi fyrir aukinni vinnslu upp að 300 L/s að jafnaði á ári fékkst fyrir Vatnsendakrika.	Lýsingartæki sett upp fyrir vatn af neðra svæði þar sem holur eru útsettari fyrir gerlamengun.
	Seltjarnanes						
	Mosfellsbær	Vatnsendakriki	Borholumæling	379	12	Vatn keypt af Garðabæ.	Viðgerðir á lekum sem færðu meðalnotkun niður um helming.
Álftanes							
Vesturland	Akranes	Berjadalur, Slöguveita og Ósveita	Yfirfall	1.329	42	Vatn lýst.	
	Borgarnes, Bifröst og Munaðarnes	Grábrók, Seleyri til vara fyrir Borgarnes	Borholumæling	1.745	55	Lág vatnsstaða olli því að afköst dæla minnkuðu. Vegna vatnsstöðu og gruggvandamála var Seleyri fullnýtt.	Lýsingarbúnaður settur upp og síubúnaður gangsettur.
	Grundarfjörður	Grund	Borholumæling	351	11		Tillaga um breytta tilhögun vatnsverndar í endurskoðun á aðalskipulagi var samþykkt og stækkaði verndarsvæði vatnsbólanna því töluvert. Búið er að setja upp skilti.
	Hvanneyri	Fossamelar	Yfirfall	65	2		Bættur frágangur við vatnsból fyrirhugaður 2020.
	Reykholt og Kleppjárnsreykir	Steindórsstaðir	Borholumæling	165	5		
	Stykkishólmur	Svelgsárhraun	Yfirfall	479	15		Lýsingarbúnaður settur upp.
Suðurland	Hlíðarveita	Bjarnarfell	Yfirfall	117	4	Vatnsból þornaði upp vegna þurrka seinasta sumar, vatn var keypt af sveitarfélagi.	

VATNSVEITUR ORKU NÁTTÚRUNNAR

SVÆÐI	VEITA	BRUNNSVÆÐI	EFTIRLITS- AÐFERÐ	FRAMLEITT MAGN		ATHUGASEMDIR	ÚRBÆTUR
				þús. tonn	l/s		
Hengill	Hellisheiði Nesjavellir	Engidalur Grámelur	Borholumæling Tankmælingar	71.596	2.270	Varmamengun við Nesjavelli	Þrjár nýjar vatnstökuholur boraðar í Engidal vorið 2019 vegna stækkunar varmastöðvar. Ráðist hefur verið í aðgerðir til að draga verulega úr varmamengun við Nesjavelli. Beðið niðurstaðna.